

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hjúkrunarheimili aldraðra.

1. *Hve há daggjöld eru greidd til hjúkrunarheimila aldraðra? Óskað er upplýsinga um daggjöld árin 2000, 2001 og 2002, sundurliðað eftir stofnunum. Ef daggjöldin eru mismunandi, hver er skýringin á því? Við hvaða stofnanir hafa verið gerðir þjónustusamningar?*

Á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða er heimilisfólk sem dvelur í hjúkrunarrýmum eða dvalarrýmum. Sum heimili eru eingöngu hjúkrunarheimili, önnur eru hjúkrunar- og dvalarheimili og á enn öðrum er einnig dagvist fyrir aldraða.

*Dvalarheimili* eru vistarverur sniðnar að þörfum aldraðra sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu.

*Hjúkrunarheimili* eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eru ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum eða sambýlum.

*Dagvist aldraðra* er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal boðið upp á hjúkrunarþjónustu, aðstöðu til þjálfunar og lækniþjónustu. Í dagvist á m.a. að vera boðið upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

### **Daggjöld hjúkrunarheimila aldraðra.**

Hjúkrunarheimili eru ýmist á föstum fjárlögum eða fá greitt samkvæmt daggjaldataxta. Taxtinn fyrir daggjaldastofnanir árin 2000, 2001 og 2002 er sem hér segir:

RáFjlnr	Viðf	Staður	Daggjald 2002	Daggjald 2001	Daggjald 2000
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	11.530	10.468	9.750
08-495	1.12	Sóltún, Reykjavík rekstur	14.343		
08-495	1.12A	Sóltún, Reykjavík byggingar	2.822		
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	10.594	9.329	8.428
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	10.251	9.200	8.428
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	10.919	9.914	8.925
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	10.398	9.136	8.428
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	10.977	9.457	8.428
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	10.667	9.243	8.428
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	10.105	9.179	8.428
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	10.292	9.179	8.428
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	10.105	9.179	8.428
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	10.553	9.332	8.428
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	11.196	9.504	8.580
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	11.255	9.924	8.925
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	10.800	9.482	8.580
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10.548	9.343	8.580
08-495	1.47A	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði geðrymi	7.000	6.275	5.953
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	10.968	9.786	9.200
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal geðrymi	6.962	6.500	6.256
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	10.889	9.829	9.200
08-495	1.83	Uppsaliir, Fáskrúðsfirði	10.738	9.752	8.428
		Grenilundur, Grenivík	10.687	0	0

Daggjaldataxti er ákveðinn í upphafi árs og breytist ekki á árinu. Í viðbót við framan greindan taxta fá hjúkrunarheimili launabætur ef kjarasamningar hækka á árinu og ekki hefur verið gert ráð fyrir slíkri hækkun í fjárlögum. Í sumum tilvikum bætast einnig við fjárveitingar á fjárákallögum og millifærslur af öðrum liðum.

Daggjald hjúkrunarheimilisins Sóltúns breytist á árinu í samræmi við samning um að leggja til og reka hjúkrunarheimilið að Sóltúni 2, Reykjavík. Daggjald Sóltúns er tvískipt og er annar hlutinn ætlaður til reksturs og hinn hlutinn til að endurgreiða byggingarkostnað heimilisins. Í því sambandi má benda á að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er það hlutverk ríkissjóðs og sveitarfélaga að byggja hjúkrunarheimili. Daggjald Sóltúns er nú 2.822 kr. á hjúkrunarrými vegna byggingarkostnaðar og 14.343 kr. vegna reksturs hjúkrunarheimilisins. Hins vegar ber að minna á að launakostnaður við umönnun er hluti af rekstrar-daggjaldi og breytist heildarlaunakostnaður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða samkvæmt mælingum kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og launakostnaður ófaglærðra samkvæmt mælingum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Opinberar tölur frá kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna berast mjög seint og vantar því launahækkningar hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem orðið hafa eftir júní 2001 inn í framangreinda taxta. Ljóst er að daggjald Sóltúns á eftir að hækka frá því sem að framan greinir. Laun ófaglærðra vega mun minna og var þeim breytt samkvæmt launavísitölu þar sem launamælingar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi liggja ekki fyrir í ráðuneytinu.

Daggjöld á Fellsenda og Ási/Ásbyrgi geðdeild eru lægri en daggjöld annarra hjúkrunarheimila. Ástæðan er sú að rekstrar- og umönnunarkostnaður geðdeildar er lægri en rekstrar- og umönnunarkostnaður venjulegs hjúkrunarrýmis.

Vegna kjarasamninga á árinu 2001 voru talsverðar launahækkanir það ár og nokkuð um fjárveitingar á fjárukalögum. Ef launabætur, fjárframlög á fjárukalögum og millifærslur af öðrum fjárlagaliðum eru teknar með verður framangreindur daggjaldataxti sem hér segir fyrir árin 2002 og 2001. Engar breytingar hafa orðið á fjárheimildum fyrir árið 2002 það sem af er ári.

RáFjlnr	Viðf	Staður	Daggjald 2002	Daggjald 2001
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	11.530	11.109
08-495	1.12	Sóltún, Reykjavík	14.343	0
08-495	1.12	Sóltún, Reykjavík húsnæðisgjald	2.822	0
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	10.594	9.434
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	10.251	9.631
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	10.835	10.118
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	10.398	9.619
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	10.977	9.457
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	10.667	9.783
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	10.105	5.729
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	10.292	9.603
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	10.105	9.520
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	10.553	10.360
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	11.229	11.168
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	11.158	10.237
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	10.832	9.596
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10.548	9.484
08-495	1.47A	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði geðrými	7.000	6.148
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	10.968	10.433
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal	6.962	6.544
08-495	1.81	Holtubúð, Garðabæ	10.889	11.841
08-495	1.83	Uppsalar, Fáskrúðsfirði	10.738	10.814
		Grenilundur, Grenivík	10.687	0

### Mismunandi daggjöld.

Heilsufar vistmanna er misjafnt milli hjúkrunarheimila. Því veikari sem vistmenn eru, þeim mun meiri umönnun þurfa þeir. Heilsufar vistmanna er mælt af hjúkrunarfræðingum samkvæmt svokölluðu RAI-matskerfi. Samanlögð mæling vistmanna á hjúkrunarheimili gefur ákveðið meðaltal sem verður RAI-mat heimilisins. Því herra sem RAI-matið er, þeim mun veikari eru vistmennirnir og þeim mun meiri umönnun þurfa þeir. Við ákvörðun á daggjaldataxta hefur verið tekið tillit til RAI-mats. Árið 2000 var hjúkrunarheimilum raðað í daggjaldsflokka samkvæmt RAI-mati. Árið 2001 var RAI-mat 10% hluti af daggjaldataxta og heimilud fjárveiting 90% af daggjaldi. Árið 2002 vó RAI-stuðullinn 50% af daggjaldataxta og fjárveiting 50%. Árið 2003 er áætlað að RAI-mat vegi 70% af daggjaldataxta og fjárveiting 30%. Rétt er að benda á að í samningi um rekstur Sóltúns var gert ráð fyrir að þeir sem þar vistast hafi hátt RAI-mat og þarfnist mikillar hjúkrunar. Sóltún er því nokkurs konar millistig milli sjúkrahúss og hefðbundinna hjúkrunarheimila.

Eins og fram kom hér að framan eru sum hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum og fá ekki greitt samkvæmt daggjöldum. Ef fjárveitingu þeirra á árinu er deilt niður á hjúkrunarrými og miðað við 99% nýtingu þá væru fjárveitingar þeirra á hjúkrunarrými eins og hér segir:

RáFjlnr	Viðf	Staður	Daggjald 2002	Daggjald 2001	Daggjald 2000
08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	12.192	11.551	10.441
08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	11.701	10.872	10.243
08-409	1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	11.304	10.469	9.699
08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	11.336	10.551	9.731
08-411	1.01	Garðvangur, Garði	11.620	11.353	10.162
08-412	1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	12.565	11.945	11.003
08-413	1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugastaðir	11.434	10.504	10.247
08-414	1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	10.377	9.889	8.973
08-415	1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	10.228	9.616	8.757
08-416	1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsf.	10.531	10.239	9.020
08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	10.265	10.160	9.029
08-421	1.01	Víðines	12.992	13.233	10.947
08-496	1.11	Reynslusveitarfélagið Akureyri	10.685	10.673	9.589
08-497	1.11	Reynslusveitarfélagið Hornarfjörður	13.068	12.398	10.779

Innifalið í daggjaldi reynslusveitarfélags Hornarfjarðar eru fjögur sjúkrarými fyrir bráða-sjúklinga.

### Þjónustusamningar.

Þjónustusamningur hefur verið gerður við hjúkrunarheimilið Lund, Hellu, hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði, hjúkrunarheimilið Hornbrekku, Ólafsfirði, og hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.

#### 2. Hvernig eru daggjöldin reiknuð? Hvað er innifalið í þeim hjá hverri stofnun og hver var niðurstaða rekstrarreiknings hvernar þessara stofnana í árslok 2000 og 2001?

Rekstrarupplýsingum er safnað frá dvalar- og hjúkrunarheimilum. Hér er um að ræða ársreikninga og upplýsingar þar sem rekstur er sundurliðaður eftir hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum og dagvistarrýmum. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og síðan notaðar til að reikna meðalkostnað á hjúkrunarheimili sem hefur RAI= 1. Verið er að innleiða RAI-matskerfið skref fyrir skref við útreikning á daggjaldataxta. Eins og fram kemur hér að framan var RAI-matið notað að 50% við útreikning á daggjaldi fyrir árið 2002 og verður væntanlega 70% á næsta ári.

Við fjárlagagerð er stuðst við raunverulegan rekstrarkostnað hjúkrunarheimila og tekið mið af samþykktum fjárlagaramma.

Verið er að breyta útreikningi á daggjaldi frá því að reikna daggjald út frá rekstrarkostnaði hvers heimilis í það að reikna meðaldaggjald út frá meðalkostnaði allra hjúkrunarheimila. Útreikningur á daggjaldi fyrir árið 2002 miðaðist að hálfu við meðalrekstrarkostnað hjúkrunarheimilis og að hálfu við fjárveitingu sem viðkomandi hjúkrunarheimili hefur fengið á fjárlögum. Hér er um að ræða raunverulegan rekstur meðalhjúkrunarrýmis og fjárveitingu á hjúkrunarrými viðkomandi heimilis. Meðalrekstri hjúkrunarheimilis með RAI=1 er skipt í grófum dráttum í sértekjur, launakostnað starfsmanna sem sinna umönnun, launakostnað annarra starfsmanna og annan rekstrarkostnað. Sértekjur, annar launakostnaður og annar

rekstrarkostnaður breytist ekki og er sá sami fyrir öll hjúkrunarheimili. Launakostnaður við umönnun breytist hins vegar í samræmi við RAI-mat heimilisins. Fjárveitingu heimilis er á hinn bóginn deilt niður á heimiluð hjúkrunarrými og niður á 365 daga ársins og margfölduð með milljón, sbr. (153,6 millj. kr. / (39 rými x 365 dagar)) 1.000.000 = 10.790 kr.

<b>Rekstrargjöld og tekjur</b>		<b>RAI=1,0</b>	<b>Heimili A RAI=1,05</b>	<b>Heimili B RAI=0,95</b>
Laun við umönnun	kr.	6.435	6.756	6.113
Önnur laun	kr.	2.091	2.091	2.091
Önnur gjöld	kr.	2.912	2.912	2.912
<b>Kostnaður samtals</b>	kr.	<b>11.438</b>	<b>11.759</b>	<b>11.116</b>
Sértekjur	kr.	-429	-429	-429
<b>Rekstur hjúkrunarrýmis</b>	kr.	<b>11.009</b>	<b>11.330</b>	<b>10.687</b>
Fjárveiting hjúkrunarheimilis	m.kr.	153,6	115,0	92,3
Fjöldi hjúkrunarrýma		39	28	25
<b>Fjárveiting á hjúkrunarrými</b>	kr.	<b>10.790</b>	<b>11.252</b>	<b>10.110</b>
<b>Daggjald</b>	kr.	<b>10.900</b>	<b>11.291</b>	<b>10.398</b>

Daggjald er meðaltal af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýmis og fjárveitingu hjúkrunarrýmis. Rauntölur sem notaðar voru við ákvörðun á daggjaldi ársins 2002 eru frá árinu 2000 og framreiknaðar til 2002 samkvæmt vísitölum. Ástæðan fyrir þessu er sú að fjárlagavinna er unnin á árinu á undan gjaldaári og rekstartölur berast árið á eftir gjaldaári.

Allur venjulegur rekstrarkostnaður er innifalinn í daggjöldum. Hins vegar hefur ekki í daggjöldum verið tekið tillit til meiri háttar viðhalds, húsaleigu, lífeyrisskuldbindinga, afskrifta á húsnaði og vaxta af langtímaskuldum vegna byggingarkostnaðar.

#### **Niðurstaða rekstrarreikninga.**

Niðurstaða rekstrarreikninga koma fram í töflunum, tölur eru í þús. kr. Þar sem tölur vantar hafa rekstrarupplýsingar frá hjúkrunarheimili ekki borist. Undantekning er Barmahlíð en þar greiddu sveitarfélög hallann á árinu 2001.

**Afkoma heildarrekstrar daggjaldastofnana fyrir árin 2000 og 2001**

RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili fjárhæðir eru í þús. kr.	Afkoma árið 2000	Afkoma árið 2001
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	-60.313	-64.083
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	-6.217	-19.331
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	2.210	-7.101
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	-2.428	-36.317
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	-2.178	-15.179
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	-5.398	
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	-83	
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	-1.945	
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	9.693	
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	-7.060	
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	2.856	
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	-3.295	-8.731
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	-42.971	-17.104
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	-30.003	-59.037
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-10.195	-16.572
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	-3.443	-14.146
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal geðrými	-1.009	-1.825
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	-10.897	-10.954
08-495	1.83	Uppsaliir, Fáskrúðsfirði	-1.338	-19
Afkoma á árunum 2000 og 2001			-174.016	-270.399

**Afkoma heildarrekstrar fastafjárlagastofnana fyrir árin 2000 og 2001**

Heiti stofn.	RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili fjárhæðir eru í þús. kr.	Afkoma árið 2000	Afkoma árið 2001
	08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	10.939	-3.499
	08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	-6.318	18.226
	08-409	1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	877	-2.724
	08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	-2.627	-11.861
	08-411	1.01	Garðvangur, Garði	2.420	-10.021
	08-412	1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-10.004	-18.561
	08-413	1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugastaðir	-4.780	-15.953
	08-414	1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	-5.886	-20.649
	08-415	1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	-2.538	-3.688
	08-416	1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	-3.417	
	08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	-225	-9.047
	08-421	1.01	Víðines	-9.082	
	08-496	1.11	Reynslusveitarfélagið Akureyri		-59.508
Afkoma á árunum 2000 og 2001				-30.641	-137.286

Afkoma hjúkrunardeilda hjá fastafjárlaga- og daggjaldastofnunum fyrir árin 2000 og 2001. Tölur eru í þús. kr.

#### Afkoma hjúkrunardeilda daggjaldastofnana fyrir árin 2000 og 2001

RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili fjárhæðir eru í þús. kr.	Afkoma árið 2000	Afkoma árið 2001
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	-12.365	-1.920
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	342	-7.276
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	4.218	-4.719
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	21.040	2.331
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	2.322	-4.287
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	-4.892	
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	7.798	
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	-2.511	
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	13.500	
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	-452	
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	4.720	
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	-14.773	-5.973
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	-48.475	-14.249
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	-8.104	-26.271
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-8.772	-6.626
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	119	-10.321
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal geðrými	-1.009	-1.825
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	-10.897	-10.954
08-495	1.83	Uppsálar, Fáskrúðsfirði	3.565	7.194
Afkoma á árunum 2000 og 2001			-54.627	-84.897

#### Afkoma hjúkrunardeilda fastafjárlagastofnana fyrir árin 2000 og 2001

RáFjlnr	Viðf	Hjúkrunarheimil Fjárhæðir eru í þús. kr.	Afkoma árið 2000	Afkoma árið 2001
08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	10.939	-3.499
08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	-6.318	18.226
08-409	1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	877	-2.724
08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	-2.627	-11.861
08-411	1.01	Garðvangur, Garði	2.420	-10.021
08-412	1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-10.004	-18.561
08-413	1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugastaðir	-4.780	-15.953
08-414	1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	-2.213	-13.203
08-415	1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	-568	-4.435
08-416	1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	-2.494	
08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	-4.037	-10.667
08-421	1.01	Víðines	-9.082	0
08-496	1.11	Reynslusveitarfélagið Akureyri		-10.896
Afkoma á árunum 2000 og 2001			-27.887	-83.595

Í rekstrarafkomu hjá Hrafnistu í Reykjavík og Holtsbúð í Garðabæ hefur verið tekið tillit til fjárveitingar á fjárákaldögum sem heimilin fengu 2000 og 2001. Afskriftir á húsnæði eru innifaldar í tölum frá Hrafnistu í Reykjavík og Hrafnistu í Hafnarfirði.

3. *Þurfa einhver hjúkrunarheimili aldraðra að greiða af almennum rekstrargjöldum einhverja útgjaldaliði sem önnur fá bætt í daggjöldum eða samkvæmt þjónustusamningi? Ef svo er, hver er skýringin á því?*

Meginreglan er sú að daggjöld eiga að duga fyrir almennum rekstrargjöldum. Hins vegar eru ákveðin rekstrargjöld almennt ekki innifalin í daggjaldi eins og meiri háttar viðhald, húsaleiga, lífeyrisskuldbindingar og vextir af langtímaskuldum vegna byggingarkostnaðar, sbr. hér að framan.

Hjúkrunarheimilið Sóltún er undanskilið og fær greitt daggjald til að byggja og reka hjúkrunarheimilið og er hlutur byggingarkostnaðar og vaxta sérgreindur í daggjaldi samkvæmt tilboði. Byggingarkostnaður og vextir eru ekki innifaldir í daggjaldi annarra hjúkrunarheimila. Hér er í raun um ákveðna fjármögnunaraðferð að ræða þar sem eigendur Sóltúns fjármagna byggingarkostnað og vexti og fá byggingarkostnað endurgreiddan á 25 árum í daggjaldi sem ríkissjóður greiðir. Í því sambandi ber að geta þess að Sóltún getur hvorki sótt um styrk til viðhalds- og stofnframkvæmda úr Framkvæmdasjóði aldraðra né af fjárlagaliðunum 08-381 *Sjúkrahús og læknisbústaðir*. Um aðra fjármögnunaraðferð er fjallað í 24. og 34. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þar sem hjúkrunarheimili er skilgreint sem sjúkrahús. Ef byggt er samkvæmt þessum lagagreinum þá greiðir ríkissjóður 85% stofnkostnaðar við byggingu og búnað og sveitarfélög 15%. Í þessu tilviki fjármagnar ríkissjóður og greiðir byggingarkostnað á mun skemmri tíma en að framan greinir. Þriðja fjármögnunarleiðin er sú að Framkvæmdasjóður aldraða leggi fram 40% byggingarkostnaðar, sveitarfélög 15% og aðrir aðilar 45%. Einnig má minna á varðandi aðra þætti í rekstri húsnæðis að nefnd er að skoða þátt húsnæðis í daggjöldum fyrir önnur hjúkrunarheimili og á hún að skila álitni eigi síðar en í júní 2002.

Þá eru í samningi við hjúkrunarheimilið Sóltún ákvæði um að fari lyfjakostnaður vistmanns umfram ákveðin mörk fái heimilið það bætt. Í heilbrigðisráðuneytinu er unnið að því að önnur heimili fái einnig endurgreiðslu vegna mikils lyfjakostnaðar. Auk þess fær Sóltún endurgreidd dýr og persónubundin hjálpartæki og er þá átt við: a) Spelkur og gervilimi. b) Stomahjálpartæki. c) Sérhæfð hjálpartæki fyrir einstakling sem ólíklegt er að komi síðar að notkun á heimilinu fyrir aðra sjúklinga. Önnur stærri hjúkrunarheimili fá ekki slíkar leiðréttingar. Hins vegar er á fjárlagalið 08-495-197 sjóður til aðstoðar smærri daggjaldastofnunum. Sjóðurinn er notaður til að styrkja smærri dvalar- og hjúkrunarheimili til að mæta kostnaði við kaup á persónubundnum hjálpartækjum og til að mæta verulegum lyfjakostnaði vistmanns og öðrum tilvikum sem setja fjárhag heimilis verulega úr skorðum.

Í þjónustusamningum við hjúkrunarheimilin Lund, Hulduhlíð, Hornbrekku, Naust og í samningi um Sóltún eru ákvæði um að hjúkrunarheimilin fái ákveðið hlutfall af daggjaldi greitt um ákveðinn tíma þegar vistmaður fer á sjúkrahús, flytur fyrir fullt og allt af heimilinu eða andast. Unnið er að því í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að taka upp í ár sambærilegar reglur fyrir önnur hjúkrunarheimili. Þótt önnur hjúkrunarheimili hafi ekki haft þessa heimild hafa mörg þeirra getað notað ónýtt bráða- eða dvalarrými til að taka inn nýjan vistmann um leið og vistmaður yfirgefur heimilið alfarið eða andast.



4. Eru launakjör starfsfólks á þessum stofnunum sambærileg og hver er hlutur launa af heildarrekstrarkostnaði hverrar stofnunar?

5. Hver er skilgreind hjúkrunarþyngd á þeim stofnunum sem hér um ræðir?

Hjúkrunarheimili semja sjálf um launakjör starfsmanna sinna. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um launakjör einstakra starfsmanna hjá stofnunum og getur ekki svarað hvort launakjör séu sambærileg milli stofnana.

### Hlutur launa í heildarrekstrarkostnaði og hjúkrunarþyngd.

Hlutur launa í heildarkostnaði er samkvæmt eftirfarandi töflu. Hér er um hlutfall heildarlauna að ræða í heildarrekstrarkostnaði. Þar sem rekstrartölur vantar í eftirfarandi yfirliti hafa rekstrarupplýsingar fyrir árið 2001 ekki borist frá viðkomandi hjúkrunarheimili.

Svokallað RAI-mat er skilgreind hjúkrunarþyngd fyrir viðkomandi hjúkrunarheimili. RAI-mat fyrir árið 2000 er byggt á tímamælingum frá árinu 1994, en RAI-mat frá árinu 2001 byggist á tímamælingum frá árinu 2001. Seinni tímamælingin byggist á mun stærra úrtaki en mælingin frá árinu 1994 og er áreiðanlegri.

### Hlutfall launa í heildarkostnaði daggjaldastofnana árin 2000 og 2001

RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili	RAI 2000	Hlf. launa árið 2000	RAI 2001	Hlf. launa árið 2001
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	1,05	73,66%	1,08	70,9%
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	0,96	74,17%	1,00	72,9%
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	0,84	74,31%	0,90	73,9%
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	0,90	68,13%	0,98	70,7%
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmanna.	0,89	68,46%	0,95	67,9%
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum		74,09%	0,87	47,5%
08-495	1.27	Dvalarheimili aldr. Borgarn.	0,88	74,77%	1,01	
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	0,83	59,08%	0,88	
08-495	1.33	Dvalarheimili aldr. Stykkish.		53,69%	0,90	
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	0,85	74,98%	0,88	
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjark	0,87	79,23%	0,94	
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	1,03	77,43%	1,04	74,9%
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	1,03	70,05%	1,02	73,7%
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	0,95	68,31%	1,00	67,9%
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,88	75,36%	0,93	67,9%
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	0,78	74,20%	1,01	75,6%
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal		66,73%	0,92	66,4%
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	0,83	69,09%	0,94	72,3%
08-495	1.83	Uppsaliir, Fáskrúðsfirði	0,84	67,96%	0,93	71,1%
Meðalhf. 2000 og 2001				72,18%		71,5%

### Hlutfall launa í heildarkostnaði fastafjárlagastofnana árin 2000 og 2001

Heiti stofnana		RAI	Hlf. launa	RAI	Hlf. launa	
RáFjlnr	Viðf	2000	árið 2000	2001	árið 2001	
08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	1,14	80,5%	0,99	81,1%
08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	1,07	74,3%	1,05	77,2%
08-409	1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	1,18	79,7%	1,01	77,2%
08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	1,04	75,5%	1,02	74,4%
08-411	1.01	Garðvangur, Garði	0,82	74,2%	1,00	69,6%
08-412	1.01	Hjúkrunarh. Skógarbær	1,17	75,6%	1,06	75,6%
08-413	1.01	Hjúkrunarh. Droplaugast.	1,29	76,3%	1,03	75,8%
08-414	1.01	Hjúkrunarh. Lundur	1,22	76,3%	1,06	74,3%
08-415	1.01	Hjúkrunarh. Hulduhlíð.	0,96	75,7%	0,99	78,7%
08-416	1.01	Hjúkrunarh. Hornbrekka	1,32	76,7%	0,95	
08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust	0,81	69,0%	0,98	72,5%
08-421	1.01	Víðines	1,17	68,5%	1,00	
08-496	1.11	Reynslusv. Akureyri	0,00		1,00	70,1%
Meðalhlf. 2000 og 2001				76,4%		75,2%

6. Hve margir aldraðir eru á biðlista eftir vist á hjúkrunarheimilum, sundurliðað eftir kjördæmum?

Í janúar 2002 voru 489 manns á vistunarskrá eftir hjúkrunarrýmum, sbr. eftirfarandi yfirlit.

Kjördæmi	Þörf	Mjög		Samtals
		Brýn þörf	brýn þörf	
Reykjavík	24	11	255	290
Reykjanes	4	21	95	120
Vesturland	0	1	7	8
Vestfirðir	1	0	0	1
Norðurland-vestra	3	7	2	12
Norðurland-eystra	8	6	20	34
Austurland	0	2	10	12
Suðurland	1	4	7	12
Samtals	41	52	396	489